

Námsmatsdagar

Dagana 4. – 18. maí verða námsmatsdagar hjá okkur í FVA. Þetta er í annað sinn sem við ljúkum önninni með námsmatsdögum. Þessa daga breytist stundatafla nemenda og kennara verulega. Dagana 4. – 9. maí verða kenndir tveir áfangar á dag, fyrir tíminn verður frá 9:00 – 12:00 og seinni frá 13:00 – 16:00.

Fimmtudaginn 10. maí er uppstigningadagur og skólinn lokaður. Föstudaginn 11. maí og mánudaginn 14. maí verða prófadagar. Dagana 15. – 18. maí verða síðan kenndir tveir áfangar á dag, annar fyrir hádegi og hinn eftir.

Kennslufyrirkomulagið er mismunandi milli áfanga og er alfarið í höndum kennara.

Vorpróf

Lokapróf fara fram á námsmatsdögum. Þá gilda prófareglur skólans en þær eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.



Femínistafélagið Bríet

Safnaði 75.000 kr fyrir Stígamót

Mynd: Hanna Louise ein af stofnendum

femínistafélagsins að selja húfur

Á döfinni

Kennslu samkvæmt núverandi stundaskrá lýkur fimmtudaginn 3. maí. Föstudaginn 4. maí byrja námsmatsdagar. **Aðgangur nemenda að námsferlum og einkunnum í Innu verður lokaður á meðan námsmatsdagar standa yfir.** Lokað verður að morgni 4. maí og opnað aftur eftir hádegi 23. maí. Allar einkunnir verða komnar í Innu að morgni 24. maí en **ATHUGIÐ** að þótt einkunn hafi verið skráð í Innu og birt nemendum áskilur skólinn sér rétt til að leiðrétta mistök við útreikning eða skráningu einkunna.

Sjúkrapróf verða haldin þriðjudaginn 22. maí og miðvikudaginn 23. maí frá kl. 11:00-12:00 gefst nemendum færi á að skoða prófaúrlausnir og ræða námsmat við kennara sína. Nemendur eru hvattir til að mæta.

Laugardaginn 26. maí kl. 14:00 verður brautskráning frá skólanum.

- Nemendur sem þurfa sérúrræði í prófum eða vantar aðstoð vegna próftöku geta sótt um það í Innu, einnig er hægt að haft samband við náms- og starfsráðgjafa.
- Fimmtudaginn 3. maí verður lokaball NFFA, sama dag verður kveðjuhóf útskriftarnema.
- Kennslukönnun hefur verið send á alla nemendur skólans, þar eru nemendur spurðir um kennslu, kennara og áfanga sem þeir sækja.
- Nýlega lauk nemendakönnun þar sem nemendur voru spurðir út í þjónustu skrifstofu, bókasafns, mötuneytis og fleira. Niðurstöður verða birtar á heimasíðu skólans síðar.
- Könnun fyrir foreldra nemenda undir 18 ára verður send á netföng foreldra í lok apríl.
- Þann 12. apríl fóru fram Skuggakosningar í skólanum, aðsóknin var nokkuð góð.
- Nemendur á starfsbraut tóku þátt í Hæfileikakeppni Starfsbrauta fimmtudaginn 12. apríl og stóðu sig mjög vel ☺

